

Nd.

297. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til l. um Olíusjód fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. það, sem hér um ræðir, er í reynd tvíþætt að efni til. Annars vegar er um að ræða framlengingu hins margumtalaða og rangláta olíugjalds og hins vegar að leggja á sérstakt 4% útflutningsgjald og stofna með því olíusjód fiskiskipa er greiði niður olíu til fiskiskipa.

Að því er olíugjaldið varðar hefur það legið fyrir frá upphafi, að það hefur verið mjög umdeilt og að flestra mati röng aðferð til að snúast við þeim vanda sem verðhækkun olíu undangenginna ára hafði í för með sér. Sérstaklega hefur gjald þetta verið þyrnir í augum sjómannastéttarinnar, enda haft í för með sér umtalsverða kjaraskerðingu sjómanna þann tíma sem gjaldið hefur verið við lýði. Öllum hefur verið ljóst að við þeim vanda, sem gifurleg hækkun olíuverðs hafði á sínum tíma, varð að snúast, en það var og er ranglátt, að sá vandi bitni fyrst og fremst svo til einvörðungu á sjómönnum.

Sjómannasamtökin hafa frá upphafi verið andvíg gjaldtöku sem þessari, sem tekin er fram hjá skiptum, og telja að vanda sem þennan eigi þjóðin öll að axla, en ekki sjómenn einir, og undir það sjónarmið hefur undirritaður tekið og tekur enn og telur réttlátt.

Pá skal athygli á því vakin, að sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, hefur margítrekað lýst þeirri skoðun sinni, að gjaldið beri að afnema, og raunar lofað sjómönnum því oftár en einu sinni að beita sér fyrir afnámi gjaldsins, en loford og efndir í þessu tilviki sem og fleiri hafa ekki farið saman, því ýmist hefur gjaldið verið margfaldað eða framlengt óbreytt í 7% tölunni í ráðherratið núverandi sjávarútvegsráðherra.

Að því er varðar 4% útflutningsgjaldið og olíusjóðinn, sem frv. gerir ráð fyrir og ríkisstjórnin ætlar að stofna, skal á það minnt, að á árinu 1976 var í raun samkomulag um að leggja niður það sjóðakerfi sjávarútvegsins sem verið hafði við lýði lengi. Með þeirri aðgerð tóku sjómenn á sig með einum eða öðrum hætti kjararýrnun í trausti þess, að stjórnvöld meintu það, að með því væri stigið skref í þá átt að koma rekstri í sjávarútvegi á réttari og raunhæfari grundvöll en verið hafði, og í ljósi þess því trúað af hálfu sjómannasamtakanna, að stjórnvöld stæðu við þáverandi líklegan ásetning sinn að hefja ekki að nýju leik fjármagnstílfærslu, sjóðakerfisstofnunar og beint eða óbeint ógildingu gerðra kjarasamninga sjómanna.

Með því frv., sem hér er til umræðu og gerir ráð fyrir stofnun olíusjóðs fiskiskipa með 4% útflutningsgjaldi, er enn á ný farið inn á braut þess óheilbrigða sjóðakerfis, sem lagt var niður 1976, og tilgangur þessa nú augljóslega sá að láta sjómenn innan ekki langs tíma kaupa afléttingu þessa sjóðakerfis með kjaraskerðingu í einu eða öðru formi.

Vinnubrögð stjórnvalda af því tagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og þær leiðir, sem þar eru valdar, eru ekki til þess líklegar að auka traust sjómanna eða samtaka þeirra á fyrirheitum, lofordum eða fjálglegum yfirlýsingum ráðherra við hentug tækifæri.

Sú stefnumörkun, sem þetta frv. ríkisstjórnarinnar leggur til, gengur þvert á áður yfirlýstan vilja stjórnvalda sjómönnum til handa til að leiðrétta og bæta aðstöðu þeirra og kjör.

Sjómannasamtökin hafa margítrekað lýst vilja sínum til þess að leita í samráði við aðra hlutaðeigandi aðila nýrra og farsælli leiða til að sjá farborða rekstri þess undirstöðuáttvinnuvegar, sem sjávarútvegurinn er Íslendingum, og um leið bæta svo stöðu sjómanna að hún sé samboðin þeirri stétt sem framar öðrum leggur grunninn að því lífi sem íslenska þjóðin lifir hverju sinni, sé þeim grunni ekki raskað og spillt með ákvörðunum misviturra stjórnvalda.

Undirritaður hefur áður lýst þeirri skoðun Alþýðuflokksins, að fráleitt sé að leggja nú aftur inn á braut þess sjóðakerfis sem nauðsynlegt var talið 1976 að leggja niður, og tekur undir þau sjónarmið sjómannasamtakanna, að leitað sé og farið inn á aðrar og farsælli leiðir til lausnar þeim vanda, sem við er að etja, og slíkrar lausnar leitað og hún fundin í fullu samstarfi við samtök sjómanna. Til þess hafa samtök sjómanna lýst sig reiðubúin, og undir það sjónarmið skal heils hugar tekið hér.

Alþingi, 3. febr. 1983.

Karvel Pálmason.